

93

3. septbr.

30. grein.

Með reglugjörð þessari, sem öðlast gildi 1. nóv. 1906, er felld úr gildi reglugjörð Eiðaskólans frá 5. ágúst 1903.

31. grein.

Breyting á reglugjörð þessari er því að eins gild, að meiri hluti mættra sýslunefndarmanna úr hvorri sýslunefnd Múlasýslanna, á lögmaetum sameiginlegum fundi, samþykki hana og ráðherra Íslands staðfesti.

Reglugjörð þessi, sem samin er af sýslunefndum Múlasýslanna á sameinuðum sýslufundi 7. apríl 1906, var staðfest af amtsráði Austuramtsins á aðalfundi þess 27.—30. ágúst þ. á.

Amtsráð Austuramtsins, Seyðisfirði, 3. sept. 1906.

Jóh. Jóhannesson.

94

Skýrsla

um fund amtsráðsins í Suðuramtinu 25. og 26. júní 1906.

Ár 1906 25. júnímán. var aðalfundur amtsráðsins í Suðuramtinu settur og haldinn í Reykjavík af forseta þess, fv. amtmanni J. Havsteen, ásamt amtsráðsmönnum Jóni bónda Einarssyni á Hemru (úr Vesturskaptafellssýslu), prestinum síra Skúla Skúlasyni í Odda (úr Rángárvallasýslu), prófasti síra Valdímar Briem á Stóra Núpi (úr Árnessýslu), Ágúst bónda Jónssyni í Höskuldarkoti (úr Gullbringusýslu), Þórði hreppstjóra Guðmundssyni á Neðra Hálsi (úr Kjósarsýslu) og varaamtsráðsmanni Hirti skólastjóra Snorrasyni á Hvanneyri (úr Borgarfjarðarsýslu), en síra Guðmundur prófastur Helgason í Reykholti hafði tjáð forseta forföll sín vegna sjúkleika.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóds Suðuramtsins fyrir 1905, og var hann falinn amtsráðsmönnum úr Borgarfjarðarsýslu og Vesturskaptafellssýslu til endurskoðunar.
2. Reikningur yfir tekjur og gjöld styrktarsjóds verðugra og þurfandi þjóðjarðalandseta og ekkna þeirra í Suðuramtinu fyrir 1905. Var hann fenginn amtsráðsmönnum úr Rangárvallasýslu og Gullbringusýslu til endurskoðunar.
3. Ennfremur lagði forseti fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri, eða reikning yfir viðskipti amtsráðsins við búnaðarstofnunina

1905—1906, reikning skólustjóra yfir tekjur og gjöld skólabúsins eða efnahagsreikning búsins 1905—1906, með tilheyrandi jafnaðarreikningi þess 31. maí 1906, sjóðsreikningi skólabúsins 1905—1906, og skrá yfir eignir þess.

Þá var einnig lagður fram reikningur yfir kostnaðinn við endurbygging kirkjunnar á Hvanneyri, svo og reikningur yfir tekjur og gjöld Hvanneyrarkirkju fyrir 1904—1905.

Allir þessir reikningar voru fengnir amtsráðsmönnum úr Árnessýslu og Kjósarsýslu til endurskoðunar.

4. Forseti skýrði frá fullnustu á úrskurðum þeim, sem amtsráðið hafði lagt í fyrri á þær fáu athugasemdir, sem gjörðar höfðu verið við sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningana fyrir 1904.
5. Forseti lagði fram sýslusjóðs og sýsluvegasjóðsreikningana úr öllum sýslum amtsins; höfðu endurskoðendur í hjerði endurskóðað reikningana og forseti amtsráðsins yfirfarið þá. Athugasemdir þær, sem gjörðar höfðu verið við reikningana, voru því næst úrskurðaðar af amtsráðinu.
6. Þá voru framlögð og yfirfarin endurrit af gjörðabókum sýslunefndanna.
 - A. Úr Vesturskaptafellssýslu 28.—31. marz þ. á.
 - B. Úr Vestmannaeyjasýslu frá 18. sept. 1905, 21. nóvbr. 1905 og 8. marz 1906.

Sýslunefndin hefir jafnað niður 726 kr. 31 e. sem sýslusjóðsgjaldi, en gjald það, sem jafna mátti niður án samþykkis amtsráðsins, nemur aðeins 697 kr. 48 a., og hefði nefndin átt að leita þessu samþykkis. Amtsráðið vildi samt láta við svo búið standa, þar sem það munaði svo litlu.
 - C. Úr Rangárvallasýslu frá 17.—19. apríl þ. á.
 - D. Úr Árnessýslu frá 23.—27. apríl þ. á.
 - E. Úr Gullbringusýslu frá 27. marz þ. á.

Forseti skýrði frá því, að hann með brjefi, dagsettu 18. apríl þ. á., hefði leyft fyrir hönd amtsráðsins, að jafna mætti niður 3800 kr. sem sýslusjóðsgjaldi, en upphæð sú, sem jafna átti niður án samþykkis amtsráðsins, nemur aðeins 2936 kr. 88 a.
 - F. Úr Kjósarsýslu frá 15. febr. þ. á.
 - G. Úr Borgarfjarðarsýslu frá 8.—9. maí þ. á.
7. Forseti skýrði, að hann með brjefi, dagsettu 24. marz þ. á., hefði fyrir hönd amtsráðsins samþykkt, að sýslunefndin í Vestmannaeyjasýslu tæki 1000 kr. lán uppá sýslusjóð með sem vægustu kjörum, sem varið yrði til varnar sjávarágangi á vegi í Vestmannaeyjum og endurbóta á honum, sbr. fjárlögin fyrir 1906—1907, 12. gr. B 10.
8. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Vestmannaeyjasýslu, dags. 15. marz þ. á., þar sem hann leggur undir samþykki amtsráðsins þá ályktun sýslunefndarinnar, að hækka sýsluvegagjaldið á yfirstandandi ári um 1 kr. fyrir hvern verkferan karlmann, samkv. lögum 23. oktbr. 1903, um breyting á lögum nr. 8 um vegi frá 13. apríl 1904. Amtsráðið samþykkti þetta.
9. Forseti skýrði frá því, að hann hefði með brjefi, dags. 18. apríl þ. á., leyft fyrir hönd amtsráðsins, að sýslunefndin í Kjósarsýslu veitti 3000 kr. til móts

94

við fjárveitingu þá, að upphæð 4000 kr., til þjóðvegarins upp Mosfellssveit, sem ræðir um í 12. gr. fjárlaganna fyrir 1906—1907, B, 4, þannig, að Mosfellshreppur legði til 1000 kr. að minnsta kosti, og í annan stað tæki 2500 kr. lán í þessu skyni uppá sýslusjóð.

10. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 5. apríl þ. á., þar sem hann skýrir svo frá, að sýslunefndin í Kjósarsýslu hafi, útaf beiðni frá Jóni búfræðing Jónatanssyni í Brautarholti um, að sýslunefndin legði fje úr sýslusjóði til kaupa á mótorbát handa Kjósar- og Kjalarnesshreppum, — en þessi málaleitun þótti eigi nægilega undirbúin — falið hverjum sýslunefndarmanni, að leita fjárframlaga í sínum hreppi til kaup á hlutabryfum í hlutafjelagi, sem tæki að sjer flutninga á mótorbát um sýsluna nokkurn hluta ársins eptir fastri áætlun, og oddvita sínum að kaupa hlutabryf fyrir sýsluna fyrir allt að 1000 kr., ef nægilegt fje fengist og auk þess bátur af þeirri stærð og með þeim hraða og útbúnaði, sem fullnægði kröfum manna, og þannig, að sýslumaður samþykkti lög fjelagsins. Útaf þessu hefði sýslumaður leitað samþykkis amtsráðsins til þess, að sýslunefndin tæki 1000 kr. lán til hlutabryfakaupanna, og munnlega beðið beðið forseta að samþykkja þetta fyrir hönd amtsráðsins.

Forseti hafði útaf þessu tjáð sýslumanni í brjefi, dags. 21. apríl þ. á., að hann sæi sjer eigi fært að samþykkja þessa 1000 kr. lántöku nú þegar fyrir hönd amtsráðsins, þar sem eigi lægi fyrir nein ályktun sýslunefndarinnar um slíka lántöku, enda væri þessi upphæð til hlutabryfakaupanna ekki tekin uppá áætlun sýslunefndarinnar um tekjur og gjöld sýslusjóðsins fyrir 1906, hvorki sem tekjugrein nje útgjaldaliður.

Í brjefi, dagsettu 21. f. m., sem var framlagt, fór sýslumaður fram á, að áðurnefndar 1000 kr. mættu skoðast sem innifaldar í 2500 kr. láninu til Mosfellssveitarvegarins. Amtsráðið leyfði þetta.

11. Forseti skýrði frá því, að hann með brjefi, dags. 21. apríl þ. á., hefði fyrir hönd amtsráðsins samþykkt, að sýslunefndin í Kjósarsýslu gengi í sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að 1600 kr. láni til handa Halldóri Jónssyni á Álafossi.
12. Forseti skýrði frá því, að hann með brjefi, dagsettu 18. apríl þ. á., hefði samþykkt þá ályktun sýslunefndarinnar í Gullbringusýslu, að verja 2250 kr. til vegagjörðarinnar frá Hafnarfirði að Vogastapa á móti þeim 2500 kr., sem veittar eru til þessa á fjárlögum 1906—1907, 12. gr. B. 7.
13. Amtsráðið samþykkti þá ályktun sýslunefndarinnar í Kjósarsýslu, að hækka sýsluvegagjaldið uppí 2 kr. fyrir hvern verkfæran karlmann, samkv. lögum 23. okt. 1903, um breyting á lögum nr. 8 um vegi frá 13. apríl 1904, og sömuleiðis ályktun sýslunefndarinnar í Árnessýslu, að sýsluvegagjaldið á yfirstandandi ári verði hækkað uppí 2 kr. 25 fyrir hvern verkfæran karlmann.
14. Amtsráðið samþykkti þá ályktun sýslunefndarinnar í Vesturskaptafellssýslu, að vegarkafliinn frá svonefndu Klifi fyrir ofan Kerlingardal um Höfðabrekku ofan Kaplagarða þartil á póstveginn kemur, sem nú er hreppavegur, verði tekinn uppí tölu sýsluvega.

15. Amtsráðið staðfesti viðauka við Reglugjörð um fjallskil í Vesturskaptafells-sýslu, 1. sept. 1899, til þess að öðlast gildi 15. dag septbr. þ. á.
16. Amtsráðið samþykkti þá ályktun sýslunefndarinnar í Árnessýslu, að lögferjurnar á Brúará að Böðmöðsstöðum í Grimsnesi og á Þjórsá að Þjórsárholti verði lagðar niður.
17. Forseti lagði fram erindi hreppsnefndarinnar í Hvammshreppi, dags. 10. f. m., þar sem hún áfrýjar til amtsráðsins þeim úrskurði sýslunefndarinnar í Vesturskaptafellssýslu 31. marz þ. á., útaf útsvarskæru Halldórs umboðsmanns Jónssonar í Vík, að útsvar umboðsmannsins skuli lækkað um 25 kr., og krefst þess, að málinu verði annaðhvort vísað til nýrrar rannsóknar eða samþykktur úrskurður hennar, sem fór fram á, að sitja skyldi við það útsvar, sem lagt hefði verið á Halldór umboðsmann Jónsson.

Samkvæmt 1. gr. laga 9. jan. 1880, um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872, eru úrskurðir sýslunefnda í útsvarskærumálum endilegir, og þar sem amtsráðið eigi fær sjeð af kæru þessari, sem barst forseta beina leið, að sýslunefndin hafi beitt neinum ólögum við meðferð málsins, vísar það máli þessu frá sjer sem endilega útkljáðu.

18. Framlagðir voru aptur reikningar yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suduramtsins 1905 og reikningur yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóðjarðalandseta og ekkna þeirra í Suduramtinu 1905.

Endurskoðendur höfðu ekkert fundið við þá að athuga, og voru þeir samþykktir.

19. Forseti lagði fram skýrslur úr öllum sýslum amtsins um efnahag styrktarsjóðs handa alþýðufólki, nema úr Rangárvallasýslu. Skýrslan þaðan var ókomin.
20. Amtsráðið veitti Guðna Þorbergssyni, sem nú í síðastliðnum fardögum flutti frá Kolvíðarhóli, þar sem hann um undanfarin ár hefir verið sæluhúsvörður, 200 kr. fyrir hið umliðna fardagaár.
21. Amtsráðið veitti »Skógræktarfelagi Reykjavíkur« 150 kr. styrk úr jafnaðarsjóði fyrir yfirstandandi ár.
22. Forseti lagði fram skýrslu um kennsluna í kvennaskólanum í Reykjavík 1905—1906, reikning yfir tekjur og gjöld skólans 1904—1905 og bænarskrá um styrk úr jafnaðarsjóði.

Amtsráðið veitti skólanum 100 kr. styrk.

Forseti skýrði frá því, að forstöðukonan frú Thora Melsted, hefði sótt um lausn, og að hann í nafni amtsráðsins hefði skipað í hennar stað frk. Ingibjörgu Bjarnason.

23. Þá voru framlagðir aptur reikningar yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri, eða reikningur yfir viðskipti amtsráðsins við búnaðarskólafn-unina 1905—1906, reikningur skólustjóra yfir tekjur og gjöld skólabúsins eða efnahagsreikningur búsins 1905—1906 með tilheyrandi jafnaðarreikningi þess 31. maí 1906, sjóðsreikningi skólabúsins 1905—1906 og skrá yfir eignir þess,

94 reikningur yfir tekjur og gjöld Hvanneyrarkirkju 1904—1905, og reikningur yfir kostnað við endurbygging kirkjunnar á Hvanneyri.

Þeir tveir amtsráðsmenn, sem kosnir höfðu verið til þess að rannsaka alla þessa reikninga, höfðu endurskoðað þá og ekkert fundið við þá að athuga. Þeir voru því samþykktir.

Skýrslan um kennsluna fyrir 1903—1904 og 1904—1905 hafði verið prentuð á síðastliðnum vetri og útsend til amtsráðanna og annara. Skýrslan um kennsluna 1905—1906 var ókomin enn. Tala lærisveina var framan af vetrinum 9, en 8 seinni partinn.

Um fjárhag skólaföfnunar skýrði forseti svo frá, að styrkurinn úr landssjóði á yfirstandandi ári hefði aðeins orðið 1871 kr. 19 a. í stað 2500 kr., en amtsráðið hafði byggt á því, að skólanum yrði ætlaður hinn sami styrkur á fjárlöggunum, sem að undanfögnu, enda hafði stjórnin tiltekið þessa upphæð í fjárlagafrumvarpi sínu; en þetta hafði nú farið öðru vísi, eins og kunnugt er orðið, og bróðurparturinn af styrknum lenti, samkvæmt því hvernig fjárveiting þessi var orðuð í neðri deild alþingis, hjá skólaföfnuninni á Hólum, þótt hún í rauninni eigi sje neinn búnaðarskóli. Brjef forseta hjerad lútandi til stjórnarráðsins, dagsett 10. og 20. janúar þ. á., voru framlögð. Bæði vegna þessa og svo af því, að kostnaðurinn við kirkjubygginguna hafði orðið 4841 kr. 54 a., eða farið rúmlega 300 kr. fram yfir hinn áætlaða kostnað, og kirkjuna vantar ýmsan skrúða og áhöld, hafði forseti leitað samþykkis stjórnarráðsins til þess að taka lán uppá allt að 1500 kr. skólaföfnuninni til handa, uppá væntanlegt samþykki amtsráðsins, en stjórnarráðið sá sjer eigi fært að veita þetta samþykki, með því þingið hefði ákveðið fasta upphæð handa skólanum, og hann innan skamms ætti að afhenda landsstjórninni, en ef skólinn fengi nú að taka lán, yrði landið síðan að borga það.

Að vísu útilokaði þetta eigi amtsráðið frá því að taka bráðabirgðalán til næsta árs, sem endurborga skyldi úr jafnaðarsjóði, en þar sem nú væri í sjóði 682 kr. 95 a., og rjettast væri að sleppa kaupunum á altaristöflu í kirkjuna, áleit amtsráðið. að skólaföfnunin mundi komast af án lántöku.

Forseti lagði fram brjef stjórnarráðsins, dags. 18. og 22. jan. þ. á., og brjef sitt til stjórnarráðsins 20. s. m., og til stjórnarnefndarinnar og skólafjöra 25. s. m., viðvíkjandi nauðsynlegum ráðstöfunum til afhendingar á skólaföfnuninni með öllu tilheyrandi, skyldum og rjettindum, sem skyldi fara fram í næstu fardögum.

Forseti skýrði frá því, að kaupin á Kvisstöðum fyrir hið ákveðna verð hefðu átt sjer stað.

Þá var samín

Á æ t l u n

um tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri
fyrir 1906—1907.

Tekjur:

94

1. Landssjóðsstyrkur á árinu 1907 c.	kr. 1800 00
2. Gjöld úr jafnaðarsjóði 1906, eptir 1. gr. laga 4. júní 1898 um breytingu á gjaldheimtum til landssjóðs og sýslusjóða	— 840 00
3. Tillag úr jafnaðarsjóði (af jafnaðarsjóðsgjald- inu fyrir 1906)	— 3500 00
4. Eptirstöðvar frá f. ári	— 682 95

kr. 6822 95

Gjöld:

1. Afborganir og vaxtagreiðslur:	
a. Til landssjóðs	kr. 472 00
b. Til Ræktunarsjóðs Íslands	— 1032 00
c. Til Landsbankans	— 550 00
d. Til Íslandsbanka	— 1396 50
e. Til kirkjusjóðs	— 116 00
	kr. 3566 50
2. Laun skólastjóra	kr. 1200 00
3. — aukakennara	— 300 00
4. — bústýru	— 150 00
5. Til hjúalauna, verkalauna, kaupstaðarvarnings fóðurbætis m. m.	— 1000 00
6. Til bókaкупа handa lærisveinunum	— 100 00
7. Önnur útgjöld	— 506 45

kr. 6822 95

Þá var samið

Yfirlit

yfir efnahag búnaðarskólastofnunarinnar á Hvanneyri
í fardögum 1905.

Eignir:

1. Hvanneyri með Kvígsstöðum	kr. 20600 00
2. Hús og húsaefni	— 41540 00
3. Kirkjan	— 5000 00
4. Lifandi peningur	— 12347 00
5. Jarðyrkjuverkfæri, heyskaparáhöld, reiðskapur m. m.	— 1767 00
6. Bækur og kennsluáhöld	— 365 00
7. Smíðatól og fl.	— 225 75
8. Skip og veiðarfæri	— 426 00
	flyt kr. 82270 75

94

	flutt	kr. 82270	75
9. Heyfyrningar og húsaleifar	—	4088	00
10. Annað lausafje	—	4276	15
11. Útistandandi skuldir	—	1236	96
12. Í sjóði hjá skólastjóra	—	2	84

kr. 91874 70

Skuldir:

1. Óborguð lán:

a. við landssjóð:

lán án afborgunar frá $^{24}/_{11}$ 1888 kr. 11800 00

kr. 11800 00

b. við Ræktunarsjóð Íslands:

1) Eptirst. af láni frá $^{19}/_{10}$ '85 kr. 485 302) — — — — $^{8}/_{6}$ '86 — 1339 723) — — — — $^{3}/_{9}$ '92 — 6674 574) — — — — $^{30}/_{7}$ '94 — 2190 81

— 10690 40

c. við Landsbankann:

Eptirst. af láni frá $^{29}/_{7}$ '98 kr. 1500 00

— 1500 00

d. við Íslandsbanka:

1) Eptirst. af láni frá $^{2}/_{11}$ '04 kr. 2250 002) Lán frá $^{19}/_{7}$ '05 — 7000 00

— 9250 00

e. við hinn alm. kirkjusjóð:

Eptirst. af láni frá $^{15}/_{1}$ '94 kr. 400 00

— 400 00

2. Innistandandi skuldir búsin — 414 00

3. Mismunur — 57820 30

kr. 91874 70

Amtsráðið skipaði í stjórnarnefnd Hvanneyrarskólans fyrir yfirstandandi fardagaár síra Guðmund prófast Helgason í Reykholti, Þórð hreppstjóra Guðmundsson á Neðra Hálsi og til vara Björn búfræðing Jónsson á Akranesi.

24. Útaf því, að skólastjóri Hjörtur Snorrason lýsti því yfir, að þar til gefnu til efni, að hann ef til vill myndi sækja um forstöðu við hinn fyrirhugaða bændaskóla á Hvanneyri, veitti amtsráðið honum eindregin meðmæli sem sjerstaklega vel föllnum til þessarar stöðu eptir þeirri reynslu, sem það hefði haft af ágætri frammistöðu hans á Hvanneyri, sem hann með mesta sóma hefir staðið fyrir frá því í fardögum 1894, og gjört að einhverju reisulegasta býli landsins upp úr mikilli niðurlægingu.

25. Þá var rædd og samþ. áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins á árinu 1907.

Tekjur:

94

1. Væntanlegar eptirstöðvar	kr.	700 00	
2. Jafnaðarsjóðsgjald	—	2400 00	
		<hr/>	kr. 3100 00

Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið	kr.	1200 00	
2. 13. afborg. og vaxtagreiðsla af láni til Ölfus- árbrúarinnar	—	241 32	
3. Kostnaður samkv. lögum um skipun dýra- lækna á Íslandi 2. okt. 1891	—	100 00	
4. Menntamál, kvennaskólinn í Reykjavík	—	100 00	
5. Ýmisleg gjöld	—	1458 68	
		<hr/>	kr. 3100 00

26 Amtsráðið veitti til skripta á fundinum 30 krónur.

Fleiri mál komu ekki til umræðu á fundinum og var því fundi slitið.

J. Havsteen. Valdimar Briem. Skúli Skúlason. Jón Einarsson.

Ágúst Jónsson. Þórður Guðmundsson. Hjörtur Snorrason.

Reykjavík, 4. dag septbrm. 1906.

J. Havsteen.

Útskript

95

úr gjörðabók amtsráðs Vesturamtsins 1906.

Ár 1906 mánudaginn hinn 18. dag júnimánaðar átti amtsráð Vesturamtsins fund með sjer í Stykkishólmi. Auk forseta amtsráðsins, Lárusar sýslumanns H. Bjarnasons, mættu fulltrúar úr öllum sýslufjelögum amtsins, öðrum en Austurbarðastrandarsýslu og Vesturísafjarðarsýslu, aðalamtsráðmennirnir úr Mýrasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu og Vesturbarðastrandarsýslu og varaamtsráðsmennirnir úr Norðurísafjarðarsýslu og Strandasýslu.

Forseti minntist fyrst konungsskiptanna og var síðan gengið til dagskrár.

1. Framlagður reikningur jafnaðarsjóðsins 1905.
2. Framlagður búnaðarsjóðsreikningur amtsins s. á.
3. Framlagður búnaðarskólasjóðsreikningur amtsins s. á.
4. Framlagður amtsbókasafnreikningur fyrir s. á.